



Reykjavík, 10. júní 2021
R21060083
ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Þróunarreitur í Efra-Breiðholti - tillaga um hugmyndasamkeppni

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 8. júní 2021, samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði í samstarfi við Félagsbústaði, aðra lóðarhafa og Arkitektafélag Íslands að hefja undirbúning að hugmyndasamkeppni á nýjum þróunarreit í Efra-Breiðholti. Miðað er við að undirbúningur hefjist strax og að samkeppnin hefjist á haustmánuðum 2021.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillöggunni.


Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í ágúst 2020 þegar vinnutillögur að hverfisskipulagi í Breiðholti voru kynntar í Breiðholti komu fram sterkar ábendingar frá íbúum um að það vantaði stærri íbúðir fyrir fjölskyldufólk í Efra-Breiðholti. Íbúar bentu sérstaklega á svæði við Jórfell sem mögulegt uppbyggingarsvæði en þar er fjölbýlishús í eigu Félagsbústaða sem þarfnað úrbóta. Á svæðinu er einnig atvinnuhúsnæði í eigu Reita, sem er vannýtt og leikskólinn Ösp sem á að sameina nýjum leikskóla við Völvufell. Vel var tekið í hugmyndir að umbreytingu á svæðinu hjá öllum lóðarhöfum. Niðurstaðan er því að íbúðir í þessari stærð myndu henta vel á þessu svæði. Þess vegna er nú lagt til að hefja undirbúning að samkeppni um reitinn sem myndi eiga sér stað á haustmánuðum í ár.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Gott er að efna til samkeppni um slíka þróunarreiti, en óþarfst er að taka fram að hús megi ekki vera hærri en 4-5 hæðir að hámarki. Þetta eru óþörf mörk og truflandi fyrir skapandi arkitekta og hönnuði. Meira máli skiptir hvernig húsin verða í laginu en

hæðirnar sem slíkar. Það er stór munur t.d. á kassalaga húsum eða hvort efstu hæðirnar eru inndregnar. Aftur er bent á að áhrif húsa á vindstrengi er hægt að kanna í vindgöngum-líkantilraunum. Ef samkeppni er settar miklar skorður kemur það niður á hugmyndaauðgi hönnuða.



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Helga Björk Laxdal".

Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Umhverfis- og skipulagssvið